


Alþingi
Erindi nr. P 135/1468
komudagur 18.2.2008

Prestur innflytjenda



v/Neskirkju, Hagatorgi, 107 Reykjavík
sími: 869 6526 netfang:toshiki@toma.is

Til Allsherjanefndar Alþingis

**Umsögn um frumvarp til laga
um breytingu á lögum sem varða útlendinga og réttarstöðu þeirra
(pskj.272 – 247.mál)**

Ég undirritaður vil veita eftirfarandi umsögn varðandi ofangreint lagafrumvarp.

1. Um 1.gr. og 3. gr. breytingatillögunnar

Sammála breytingatillögunni.

Og auk þessa mun það vera æskilegt að börn útlendinga sem fæðast á Íslandi skuli vera undanþága frá kröfu dvalarleyfis þangað til þau verða tveggja ára eða þriggja. Umsókn dvalarleyfi fyrir nýfædd börn eru oftast álag fyrir erlenda foreldra og það er sjáanlegt að nýfædd börn eiga ekkert erindi við framfærslu sinna eða sakaskrá.

Eða a.m.k. skulu börnum veit dvalarleyfi sjálfkrafa með skráningu í þjóðskrá með fæðingu.

2. Um 2. gr. breytingatillögunnar

Sammála breytingatillögunni.

Hins vegar skilst mér að lagafrumvarp um breytingu á útlendingalögum (337. mál) fjallar um viðkomandi lagaákvæði og í því frumvarpinu stendur:

“Ef annar makinn er 24 ára eða yngri skal ávallt kanna hvort málsatvik eru með þeim hætti sem um getur í 1. og 2. málsl.”

Þetta ákvæði er án rökstuðnings og það telst að vera eftirsóknarvert að allt ákvæði sem varðar 24 aldur falli brott.

3. Um 4. gr. og 5. gr. breytingatillögunnar

Sammála breytingatillögunni.

Mér sýnist allt of mörg vandræði stafa af nú verandi kerfi þar sem atvinnuréttindi tilheyra vinnuveitendum í raun en ekki útlendingum sjálfum.

Óska eftir því að viðkomandi atriði sameinist við breytingatillögu um á lögum um atvinnuréttindi útlendinga (338. mál).

4. Um 6. gr. breytingatillögunnar

Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga (338. mál) ætti viðkomandi málsgrein í núverandi lögunum að falla brott.

Því finnst mér æskilegt að lagaákvæði sem varðar vernd réttarstöðu erlendra maka sem mæta heimilisofbeldi skuli vera kveðið á í lögum um útlendinga sjálfum.

Engin frekari athugasemd að sinni.

Virðingarfyllst,

Reykjavík, 18. febrúar 2008

Toshiki Toma, prestur þjóðkirkjunnar í sérþjónustu við innflytjendur
v/ Neskirkju, Hagatorgi 107 Reykjavík

Toshiki Toma